

Minnisblað vegna breytinga á:

Reglum, meginmarkmiðum og skilyrðum fyrir niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar hjá iðkendum 6 til 18 ára í íþróttá- og tómstundafélögum frá 1. janúar 2018

Sem breytist í:

Reglum, meginmarkmiðum og skilyrðum fyrir niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar hjá iðkendum 6 til 18 ára í íþróttá- og tómstundafélögum frá 1. janúar 2020

Í núverandi reglum segir:

- **Ef þátttökugjald er hærra en sem nemur niðurgreiðslu Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum. Hægt er að skipta frístundastyrk niður og nýta hann í fleiri en eina grein.**

Raunin er sú að það er ekki búið að þróa skráningarkerfið þannig að mögulegt sé að skipta styrknum niður á fleiri greinar ef þær eru á sama tíma eða skarast. Nórakerfið sem heldur utan um skráningar bíður ekki uppá þann valmöguleika. Áætlað er samkvæmt upplýsingum frá forritunarfyrtæki sem sér um skráningarnar að það muni kosta Hafnarfjarðarbæ á aðra milljón að breyta kerfinu til að ná þessu í virkni.

Lagt er því til að *sleppa* seinni setningunni í ofangreindri málsgrein. Því verði þessi regla svona:

- **Ef þátttökugjald er hærra en sem nemur niðurgreiðslu Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum.**

Auk þess er lagt til að bæta við nýjum eftirfarandi skilyrðum:

- **Ef iðkandi hættir iðkun á tímabilinu ber forráðamanni að tilkynna Þjónustuveri Hafnarfjarðar það skriflega svo hægt sé að skrá iðkanda hættan á kerfinu. Iðkandi skráist hættur í kerfinu frá þeim degi sem tilkynning berst.**
- **Ekki er tekið á móti kvittunum eldri en tveggja mánaða frá upphafsdegi námskeiðs.**

Sjá uppfærðar reglur í meðfylgjandi skjali, breytingar eru merktar gular.

Geir Bjarnason og Sunna Magnúsdóttir

